

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Stafar hann af því, að verjandi ákærða skilaði eigi framhaldsvörn fyrr en um miðjan nóvember 1955. Þá var formaður dómsins önnur kafinn við embættisstörf fram til áramóta. Er hann ætlaði að kveðja dómendur saman eftir áramót, var dr. Finnur Guðmundsson að fara til útlanda í embættiserindum, og er hann nýkominn heim úr þeirri för.

Dómsorð:

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson, Litlu-Fellsöxl, á að vera sýkn af kröfu ákærvaldsins í máli þessu.

Refsing ákærða Jóhanns Símonarsonar, bónda á Litlu-Fellsöxl, falli niður.

Ákærði Jóhann Símonarson greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Eliassonar, 400 — fjögur hundruð — krónur. Þá greiðist úr ríkissjóði laun skipaðs verjanda Sigurgeirs Jóhannssonar, hdl. Jóhannesar Eliassonar, 400 — fjögur hundruð krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða Jóhanns Símonarsonar skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1957.

Nr. 72/1956. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)

gegn

Gísla Gíslasyni (Jóhannes Eliasson hrl.)

Dómendur:

hæstaréttardómaraþnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Ólögleg laxveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómsmennirnir dr. Finnur Guðmundsson og Þórir Steinþórsson skólastjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að laun verjanda ákærða í héraði þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um brottfall refsingar ákærða, Gísla Gíslasonar, og upptöku veiðitækja eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Hermanns Jónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 2000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Eliassonar hæstaréttarlögmans, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. febrúar 1956.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Gísla Gíslasyni sjómanni, Akurgerði 12, Akranesi, með ákæruskjali, dags. 19/2. 1954, fyrir að hafa sumarið 1953 og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilamannahreppi, við sunnanvert Lambhaganes, með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi, og leiðarar frá girðingu veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í tækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósum. Telur það brot þessi varða við 4. tölulið 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði. Krefst það þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 18/4. 1910 að Litla-Lambhaga, og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Með bréfi, dags. 25/6. 1953, kærði stjórn Fiskiræktar- og veiðifélags Laxár í Leirársveit yfir því, að ákærði hefði ólög-

legar laxveiðigildirur fyrir landi eignarjarðar sinnar, Litla-Lambhaga í Skilamannahreppi.

Fyrir sakadómi hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi frá því árið 1940, að hann keypti Litla-Lambhaga, stundað laxveiði fyrir landi jarðar sinnar, fyrst í net, en síðan með girðingu og veiðikró. Veiðitæki sín kveðst hann hafa haft við sunnanvert Lambhaganes, og hafi girðing legið út frá nesinu, út undir ál Urriðaár, þar sem hún fellur um leirurnar, en þó ekki svo langt, að hún næði í vatn Urriðaár um fjöru. Sum árin kveðst hann hafa haft eina girðingu þarna, en önnur tvær.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfu ákæruvaldsins, en til vara, að refsing hans verði látin niður falla samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Sýknukröfu sína byggir hann á því, að veiðitæki ákærða séu staðsett á leirusvæði Urriðaár og séu á þurru um fjöru. Sé því ekki hjá þeim um straum að ræða af völdum árinna, heldur af völdum sjávarfalla. Þá telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðitæki ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirvoginn.

Varakröfuna byggir hann á því, að veiðieftirlitsmanni hafi um langt árabil verið kunnugt um, að ákærði starfrækti við Lambhaganes veiðigildirur og á hvern hátt gildirurnar voru gerðar, en þó ekkert aðhafzt til að stöðva starfrækslu hans. Telur hann, að ástæða hafi verið fyrir ákærða að draga af þessu þá ályktun, að gildirurnar væru þannig gerðar, að eigi færi í bága við landslög.

Rétturinn lítur svo á, að með mati 22/6. 1934 og yfirmati, er fram fór 19/8. 1934, hafi á fullkomlega lögmætan hátt samkvæmt lögum nr. 61 frá 1932 verið ákveðið, hvernig leirum við ármót Laxár og Urriðaár skuli skipt. Verður eigi um það deilt, að samkvæmt mati þessu eru veiðitæki þau, er ákærði hefur starfrækt, á leirusvæði Urriðaár.

Samkvæmt 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna er svo fyrir mælt, að inngangur í veiðikrær skuli vita undan straumi, og jafnframt er lagt bann við því að hafa inngang í veiðikró eða láta leiðara frá girðingu liggja þannig, að hætta sé á, að veiðigildran taki fisk, er leitar út úr á eða árósi. Verður að líta svo á, að fyrirmæli þetta og bann nái jafnt til veiðitækja, sem eru í sjálfu straumvatninu, og þeirra, sem eru á leirusvæði þess. Verður þetta sérstaklega ljóst, er athuguð er greinargerð fyrir frumvarpi því til laga um lax- og silungsveiði, er fram var lagt á Alþingi 1930, en þar segir um 4. tölulið 30. gr. á þessa leið:

„Í ósum og á leirum við sjávarósa gengur fiskurinn aftur og fram með sjávarföllum. Þótti nefndinni því rétt að setja þau ákvæði um gerð girðinganna, að fiskurinn verði þá aðeins veiddur, er hann leitar upp í ána, svo sem gert er í 4. mgr. þessarar greinar“.

Af þessu leiðir, að aðalstraumstefna hveirrar ár verður að ráða því, hvernig inngangar í veiðikrær vita og leiðarar frá girðingunum liggja, og það jafnt, þótt veiðitæki sé staðsett á leirusvæði árinna, þar sem eigi gætir straums hennar.

Samkvæmt þessu verður rétturinn að telja, að veiðitæki þau, er ákærði hefur undanfarin ár starfrækt við Lambhaganes á leirusvæði Urriðaár, hafi verið ólögleg veiðitæki, þar sem op veiðikrónna og leiðarar hafa vitað gegn straumstefnu Urriðaár, og að ákærði hafi með starfrækslu þeirra gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmannsins og veiðimálanefndar gagnvart veiðitækjum ákærða, er hann hefur starfrækt um langt árabil, geti hafa orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrott, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli niður falla.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Stafar hann af því, að verjandi ákærða skilaði eigi framhaldsvörn fyrr en um miðjan nóvember 1955. Þá var formaður dómsins önnum kafinn við embættisstörf fram til áramóta. Er hann ætlaði að kveðja dómendur saman eftir áramót, var dr. Finnur Guðmundsson að fara til útlanda í embættiserindum, og er hann nýkominn heim úr þeirri för.

Dómsorð:

Refsing Gísla Gíslasonar sjómanns, Akurgerði 12, Akranesi, falli niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400 — fjögur hundruð — krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða skulu gerð upptæk og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.